



## **Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2018**

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2017 var haldinn miðvikudaginn 21. mars 2018 kl. 17:00 í afgreiðslusal útibús Landsbankans í Austurstræti 11, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjærastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Ása Ólafsdóttir yrði kjörin fundarstjóri og að Kristinn Briem, ritari bankaráðs, yrði kjörinn fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

Ása tók því næst við stjórn fundarins. Hún gerði grein fyrir því í upphafi að til fundarins hefði verið boðað með lögglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Samkvæmt 10. gr. samþykktu Landsbankans, ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Fréttablaðinu* þann 27. febrúar sl. Var boðunin í samræmi við 10. gr. samþykktu bankans, þar sem kveðið er á um að til fundar verði að boða með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjölgurra vikna fyrirvara. Mætt var fyrir eigendur hlutfjár að nafnvirði 23.570.105.461 kr., eða sem svarar til 99,7063% heildarhlutfjár. Samtals voru 26 hluthafar mættir á fundinn.

Fundarstjóri lagði til að umræður um fyrstu two dagskráliðina færðu fram sameiginlega, að lokinni skýrslu bankastjóra sem var undir dagskrálið nr. 2, og komu ekki fram athugasemdir við það.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

### **1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár**

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Formaður bankaráðs fjallaði í ræðu sinni um það sem bar hæst í starfsemi Landsbankans á síðasta ári. Vék hún fyrst að almennri stöðu bankans og markaðshlutdeild. Í öðru lagi fjallaði hún um rekstur bankans, helstu stærðir og kennitölur, og málefni hluthafa. Í þriðja lagi gerði hún grein fyrir störfum bankaráðs og skipulagsbreytingum í bankanum. Í fjórða lagi kom hún inn á stafræna tækni, samkeppnisstöðu og áskoranir sem bankinn stendur nú frammi fyrir. Í fimmta lagi ræddi hún um byggingaráform bankans og í lokin um eigandastefnu ríkisins og samfélagsábyrgð.

MS  
AD

## Fundargerð

Landsbankinn

Formaður vakti sérstaka athygli á því að Landsbankinn naut vaxandi meðbyrs á árinu 2017. Kannanir sýna að traust til bankans hefur aukist og jafnframt sýna þær aukna ánægju með þjónustu bankans. Þá kom fram að efnahagsaðstæður á Íslandi voru áfram góðar árið 2017 sem endurspeglalist í bættri afkomu viðskiptavina. Vanskil héldu áfram að minnka og útlánasafn bankans þróaðist með hagstæðum hætti. Útlán jukust um 8,5% sem er vel umfram áætlaðan hagvöxt ársins.

Í samræmi við auknar áherslur á sviði stafrænnar þróunar tók Landsbankinn á síðastliðnu ári í notkun nýtt innlána- og greiðslukerfi, innleiddi ýmsar nýjungar í net- og farsímabönkum einstaklinga og fyrirtækja og áfram var aðgengi að sjálfsafgreiðslulausnum í útibúum bankans bætt.

Bankaráð ákvað árið 2017 að byggja á lóð bankans við Austurhöfn. Þar mun bankinn reisa hús sem á að mæta þörfum nútíma fjármálfyrirtækis og auðvelda nauðsynlega samvinnu milli ólíkra deilda bankans.

Formaður bankaráðs vék að nýrri eigendastefna ríkisins fyrir fjármálfyrirtækni sem samþykkt var á síðasta ári. Nær hún til þeirra fjármálfyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með.

Í lok ræðu sinnar þakkaði hún viðskiptavinum traustið og starfsfólki góð störf fyrir hönd bankaráðs Landsbankans. Einnig þakkaði hún hluthöfum og eftirlitsaðilum góð samskipti á liðnu ári.

## 2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2017. Jafnframt fór hún yfir markmið og áherslur í starfsemi bankans á árinu 2017.

Í kynningu bankastjóra kom m.a. fram að heildararðsemi á eigin fé var 8,2% sem er hærra en árið áður, en bankinn hefur sett sér langtíma markmið um að vera með a.m.k. 10% arðsemi á eigin fé. Eiginfjárlutfallið var 26,7%. Alls var eigið fé bankans 246,1 milljarður í lok árs. Eiginfjárlakrafa Fjármálaeftirlitsins er 21,4%, en markmið bankans er að viðhalda að minnsta kosti 23% eiginfjárlutfalli. Kostnaðarhlutfall bankans var 46,1% og þar er markmiðið að vera undir 45%. Greiddur arður á síðasta ári nam 24,8 milljörðum króna.

Heildarmarkaðshlutdeild bankans meðal einstaklinga fer stigvaxandi og mældist 37,9% í lok árs 2017. Hagnaður fyrir skatta var 29,7 milljarðar og 19,8 milljarðar eftir skatta. Heildareignir Landsbankans voru 1,192 milljarðar, sem er aukning um rúma 80 milljarða milli ára, mikið tilkomið vegna útlánavaxtar. Útlán til viðskiptavina eru um það bil 78% af efnahagsreikningnum og hefur hlutfall útlána hækkað jafnt og þétt á síðustu árum.

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjármála, skýrði því næst stöðu og þróun fjármögnunar bankans.

Fram kom að fjármögnun skiptist í þrijár meginstoðir. Innlán frá viðskiptavinum eru rúmlega helmingur af heildarfjármögnum bankans, eða um 605 milljarðar króna. Þau hafa verið vaxandi þáttur undanfarin ár, þrátt fyrir óbein áhrif af nauðasamningum gömlu bankanna, sem leitt hafa til þess að innlán þeirra eru nú að fullu farin út. Lántaka er annar stór þáttur og nam í lok síðasta árs 281 milljarði króna og óx um 58 milljarða. Annars vegar er um að ræða vöxt í sértryggðri skuldabréfaútgáfu til að mæta verðtryggðum íbúðalánum og hins vegar erlenda lántöku. Stóra breytingin undanfarin 3 ár er endurfjármögnum á skuld við LBI á erlendum mörkuðum og er endurgreiðsluferill erlendra lána bankans langur og mjög meðfærilegur.

Þá kom m.a. fram að vaxtaálag á skuldabréfaútgáfur bankans í evrum hefur lækkað verulega á síðastliðnum árum, eða úr 295 punktum ofan á millibankavexti árið 2015 í 85 punkta.

Hreiðar fór einnig yfir eiginfjárlutfalli FME og eiginfjárlutfalli bankans. Kom fram að markmið bankans er að viðhalda eiginfjárlutföllum sem eru á hverjum tíma yfir eiginfjárlöfum FME, að viðbættum 1,5-2,5% stjórnendaauka.

Bankastjóri tók til máls að nýju og vakti athygli á því að Landsbankinn hefur lengi verið leiðandi í umræðu um samfélagsábyrgð og var meðal annars stofnaðili að Festu sem er félag sem hefur það að markmiði að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og efla getu þeirra til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti. Bankinn var einnig upphafsaðili að stofnun samtaka um ábyrgar og

AD WS

## Fundargerð

Landsbankinn

sjálfbærar fjárfestingar, IcelandSIF. Loks vék hún að stöðu mannauðs bankans, stefnumörkun og árangri bankans á ýmsum sviðum.

Ársreikningur fyrir árið 2017 ásamt skýrslu endurskoðanda var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna ársins 2017 var lögð fyrir fundinn:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2017 sem nemur 0,65 krónu á hlut. Gjalddagi greiðslunnar skal vera 28. mars 2018 og skal greiðslan miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 21. mars 2018 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útstandandi hluti nemur 15.366 milljónum króna, sem samsvarar um 78% af hagnaði ársins.

Bankaráð leggur jafnframt til við aðalfund sérstaka arðgreiðslu til hluthafa sem nemur 0,40 krónu á hlut. Gjalddagi sérstöku arðgreiðslunnar skal vera 19. september 2018 og skal greiðslan miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 21. mars 2018 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Fjárhæð sérstöku arðgreiðslunnar miðað við útstandandi hluti nemur 9.456 milljónum króna.

#### Arðgreiðslur á árinu 2018

	Krónur á hlut	Arðsréttindadagur	Gjalddagi
Arðgreiðsla vegna 2017	0,65	21.3.2018	28.3.2018
Sérstök arðgreiðsla	0,40	21.3.2018	19.9.2018

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári:

#### 1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

#### 2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þemur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasanninga, starfsmannafjölda

## Fundargerð

Landsbankinn

og launaútgjalda. Bankaráð hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

### 3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðunum um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsárá. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

### 4. gr. Starfskjör helstu stjórnenda

Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamaðraði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.

### 5. gr. Breytilegir kjarapættir

Landsbankinn hefur ekki tekið upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. Ef bankaráð hyggst taka upp slíkt kerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

### 6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í árskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

### 7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftar en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávirk frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávirk studd greinargóðum rökum.

Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

## 6. Kosning bankaráðs

Fyrir aðalfund Landsbankans hf. var lögð tillaga um kjör eftirtalinna einstaklinga sem aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

### Aðalmenn:

Helga Björk Eiríksdóttir  
Berglind Svavarssdóttir  
Einar Þór Bjarnason  
Hersir Sigurgeirsson

### Varamenn:

Guðrún Ó. Blöndal  
Þorvaldur Jacobsen  
Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir

**Fundargerð**  
Landsbankinn

Jón Guðmann Pétursson  
Samúel Guðmundsson  
Sigríður Benediktsdóttir

yrði kjörin formaður bankaráðs.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**7. Kosning endurskoðanda**

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir tillögu um kosningu endurskoðanda sem lá fyrir fundinum. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði c-liðar, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, en samkvæmt 7. gr. laganna er heimilt að útvista einstökum verkefnum embættis ríkisendurskoðanda.

Eftirfarandi tillaga var því næst lesin upp:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2018. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton endurskoðun ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2018.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili**

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að aðalfundur Landsbankans samþykki að þóknun til bankaráðsmanna verði kr. 420.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 735.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 525.000. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 210.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 30.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í bankaráði verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 420.000 á ári.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.**

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bólfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2019. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**10. Önnur mál**

Engin önnur mál voru lögð fyrir fundinn og enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

## Fundargerð

Landsbankinn

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að henni og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Helga Björk Eiríksdóttir tók til máls og þakkaði hluthöfum fyrir traustið og komuna á fundinn. Einnig þakkaði hún starfsmönnum fyrir undirbúning fundarins og sagði að því búnu fundi slitið.

Fundi lauk um kl. 18:15.



Ása Ólafsdóttir  
fundarstjóri



Kristinn Briem  
fundarritari